

Léttir lestextar og verkefni



Helga Hauksdóttir
skóladeild Akureyrar
2013

María

Ég heiti María. Ég á afmæli 9. júní og ég er 10 ára. Ég er með brún augu.

Vinkona mín er með blá augu. Ég er að læra að tala íslensku. Vinur minn er að læra að tala ensku.

Ég á heima á Akureyri. Gatan mín heitir Fjólugata. Ég á heima í hvítu húsi með rauðu þaki. Húsið mitt er fallegt.

Litaðu:

Þakið á húsinu er rautt.

Hurðin er blá.

Girðingin er rauð.

Sólin er gul.

Reyk-háfurinn er brúnn.



Satt (S) eða ósatt (Ó):

Ég sé tré á myndinni. _____

Það er snjór á myndinni. _____

Ég sé hund á myndinni. _____

Ég sé fugl á myndinni. _____

Það eru fimm tré á myndinni. _____

Það eru þrjú gluggar á húsinu. _____

Skólinn minn

Ég er í Giljaskóla. Kennarinn minn heitir Anna. Anna er góð. Hún er með ljóst hár og blá augu. Anna er með gler-augu.

Vinkona mín heitir Ása. Hún hjálpar mér að læra íslensku. Ég hjálpa henni að læra spænsku. Mér finnst gaman í ensku. Mér finnst líka gaman í stærð-fræði. Við erum úti í frímínútum. Við leikum okkur með bolta. Svo borðum við nesti.



Já eða nei:

Það er stelpa á myndinni. _____

Ég sé skæri á myndinni. _____

Ég sé penna og blýant
á myndinni. _____

Það er stílabók á myndinni. _____

Pennaveskið er gult á litinn. _____

Strákurinn er í bláum buxum. _____

Strákurinn er í rauðri peysu. _____

Strákurinn er með brúnt hár. _____

Stílabókin er appelsínugul. _____

Strokleðrið er svart. _____

Strákurinn er með lím. _____

Ég borða

Ég borða fisk. Ég drekk mjólk og borða brauð. Það er egg á brauðinu mínu. Á föstudaginn borða ég pizzu. Það er ostur á pizzunni. Það er líka skinka á pizzunni. Í dag borða ég pasta og drekk appelsínu-safa. Mamma drekkur kaffi og borðar súkkulaði-köku. Kakan er góð.

Fiskur



Appelsínusafi



Kaka



Egg



Brauð



mjólk



Fötin mín

Ég er í peysu. Ég er í buxum. Buxurnar eru bláar. Buxurnar eru galla-buxur. Ég á peysu. Ég á líka úlpu og húfu. Helgi á vettlinga og trefil. Mamma á kjól. Kjóllinn er rauður. Hún á líka hæla-skó. Skórnir eru svartir. Ég á grænan sundbol og stórt hand-klæði. Í íþróttum er ég í stutt-erma-bol og stutt-buxum.



Úlpa. Tengdu orðin á rétta staði:

- Ermar
- Hetta
- Vasi
- Rennilás
- Smellur (tölur)



Íþróttaskór. Tengdu á rétta staði:

- Reimar
- Sóli
- Tá
- Hæll

Dýrin okkar

Ari á hest. Hesturinn er stór og hann er brúnn á litinn. Ari gefur hestinum sínum hey að borða. Folaldið er lítið. Folaldið drekkur mjólk.



Tengdu orðin á réttan stað:

- Fax
- Tagl
- Fætur
- Höfuð

Pabbinn heitir _____

Mamman heitir _____

Barnið heitir _____

Dísa á marga hunda. Hún á hund, tík og hvolp. Dísa leikur við hundana sína.



Þeir hlaupa hratt. Hundarnir gelta og gelta. Þeir eru glaðir.

Tengdu orðin á rétta staði:

- Eyru
- Skott
- Augu
- Trýni

Pabbinn heitir _____

Mamman heitir _____

Barnið heitir _____

Úti

Ég er úti með vinum mínum. Vinir mínir heita Linda, Stína, Vala, Baldur og Einar.

Það er sól og það er sumar. Við erum í fót-bolta. Vala skorar mark.

Einar er í stutt-buxum og hann hleypur með boltann.



Sigrún og Óli eru að róla. Þau róla hátt. Þau hlæja. Það er gaman að róla.

Jón er úti. Hann er að sippa. Hann hollar og hollar.

Hann hollar 20 sinnum.



Siggi er að hjóla. Hann er með hjálm. Allir eiga að vera með hjálm. Hjólið er rautt. Það er bjalla á hjólinu. Siggi hjólar hratt. Hann fer í búð. Hann kaupir ís.